



Aðalskipulag Skagabyggðar 2010-2030


Hitaveituleiðsla

Lýsing á skipulagsáætlun

Hreppsnefnd Skagabyggðar
Teiknistofa Benedikts Björnssonar

25. Mars 2013

Lýsing skipulagsverkefnis

Heiti verkefnis	Breyting á Aðalskipulagi Skagabyggðar 2010-2030 -breytt lega hitaveituleiðslu (heitavatnspípu)
Skipulagssvæði	 <p>Hitaveituleiðsla, sunnanvert; frá Laxá á Refasveit og norður á Skagaströnd. Um er að ræða skipulagssvæði Skagabyggðar sunnan Sveitarfélagsins Skagastrandar.</p>
Aðdragandi og tilgangur skipulagsgerðar	<p>Fram hefur komið ósk frá Rarik til sveitarstjórnar Skagabyggðar um heimild til að breyta legu hitaveituleiðslu, sem landeigendur hafa samþykkt, og krefst breytingar á aðalskipulagi. Um er að ræða leiðslu sem grafin verður í jörð, sem einnig var gert ráð fyrir í gildandi aðalskipulagi.</p> <p>Samkvæmt aðalskipulagi sveitarfélagsins var gert ráð fyrir hitaveituleiðslu, sem fyrst og fremst myndi þjóna Skagaströnd, en nokkrir bæir munu einnig njóta góðs af henni. Auk þessa er nú gert ráð fyrir að lagður verði ljósleiðari með hitaveituleiðslunni sem bæir sunnan Skagastrandar geta nýtt sér.</p>
Viðfangsefni og markmið	<p>Um hitaveitu segir í greinargerð „Nú er stefnt að því að leggja hitaveitulögn til Skagastrandar og munu þá nokkrar bújarðir sunnanvert í Skagabyggð fá miðlað heitu vatni.“</p> <p>Um önnur markmið vegna fjarskipta í aðalskipulaginu segir: „Fjarskiptasamband verði bætt í sveitarfélaginu. Þetta á við um gagnaflutningakerfi, tölvusamskipti, sjónvarp og farsímakerfi. Tryggja þarf gott fjarskiptasamband í sveitarfélaginu þannig að gagnaflutningsleiðir hindri ekki nýtingu og framþróun fjarvinnslu við nám og atvinnuþátttöku íbúa.“</p> <p>Þessi breyting sem felur í sér nokkra færslu á hitaveituleiðslunni fellur vel að þeim ramma sem staðfestur hefur verið með Aðalskipulagi Skagabyggðar.</p> <p>Vegna þessarar breytingar þarf að gera nokkra breytingu á greinargerð Aðalskipulags Skagabyggðar 2010-2030 er lýtur að hitaveituleiðslu og ljósleiðara. Ljósleiðara er ekki getið í greinargerðinni.</p>
Umhverfi og staðhættir	<p>Hitaveituleiðslan fer um landbúnaðarsvæði eða vegsvæði og eru aðstæður yfirleitt mjög góðar. Landhalli er lítinn, um 15 metra mismunur á hæsta og lægsta punkti. Leiðslan fer að langmestu leyti um óræktað land. Það er aðeins í landi Höskuldsstaða þar sem hún kemur lítillaga inn á ræktað land. Engin mannvirki eru á þessari lagnaleið. Engar skráðar fornminjar eru á innan skipulagsmarka, en þær eru í nokkurri nánd þar sem leiðslan fer á milli jarðanna Eyjarkots og Ytri-Eyjar, á tilteknu svæði.</p>

Helstu forsendur í gildandi aðalskipulagi	<p>Í Aðalskipulagi Skagabyggðar 2010-2030 var gert ráð fyrir hitaveituleiðsla sem tengir Stagströnd við dreifikerfið sem kemur frá Reykjum. Þá var sett fram tillaga um legu hitaveituleiðslunnar.</p>
Tengsl við aðrar áætlanir	<p>Skipulagsverkefnið tengist ekki öðrum skipulagsáætlunum í sveitarfélaginu.</p> <p>Velferð til framtíðar: (a)aukin nýting endurnýjanlegra orkugjafa, (b)takmörkun loftslagsbreytinga af mannavöldum.</p>
Umhverfismat	<p>Skipulagsverkefnið er háð lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 þar sem í breytingunni felast framkvæmdir sem eru háðar lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Áhrif aðalskipulagsbreytingarinnar á umhverfi og samfélag hafa verið metin eftir því sem við á og verkefnið gefur tilefni til.</p>
Skipulagsferlið	<p>Ferli verkefnisins verður eftirfarandi eftir að skipulags og umhverfisnefnd og sveitarstjórn hafa samþykkt þessa lýsingu:</p> <p>A. KYNNING LÝSINGAR</p> <p>i. Lýsingin er send til umsagnar Skipulagsstofnunar, Umhverfisstofnunar, Rarik, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, Vegagerðarinnar, Minjastofnun Íslands, Sveitarfélagsins Skagastrandar, Blönduósbæjar og Sveitarfélagsins Skagafjarðar.</p> <p>Umsagnarfrestur er 2 vikur. Lýsingin verður auglýst í Glugganum, sem er lítið fréttablað, verður hún aðgengileg í 2 vikur. Ábendingar og athugasemdir skulu berast oddvita innan þess frests. Höfð mun hliðsjón af ábendingum og umsögnum sem berast en þeim verður ekki svarað með formlegum hætti.</p> <p>B. KYNNING AÐALSKIPULGSTILLÖGU</p> <p>ii. Tillaga að breytingu sem verður til sýnis Skagabúð á og <i>heimasíðunni: www.hafnir.is</i> verður auglýst með áberandi hætti og send ofangreindum umsagnaraðilum til umsagnar og óskað eftir umsögn innan 2 vikna.</p> <p>C. ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR</p> <p>iii. Tillaga að breytingu ásamt tillögu að viðbrögðum við umsögnum er afgreidd í skipulags og umhverfisnefnd og sveitarstjórn og síðan send Skipulagsstofnun til athugunar sem hefur 4 vikur til umsagnar.</p> <p>iv. Ef Skipulagsstofnun gerir athugasemdir er tillagan tekin fyrir að nýju í skipulags og umhverfisnefnd og sveitarstjórn og hún lagfærð eftir því sem tilefni er til.</p> <p>D. AUGLÝSING TILLÖGU</p> <p>v. Tillagan er auglýst í Lögbirtingablaði, á netinu og með öðrum áberandi hætti. Kynningartími og athugasemdafrestur er að lágmarki 6 vikur frá upphafi kynningar.</p> <p>E. AFGREIÐSLA TILLÖGU</p> <p>vi. Að afloknum athugasemdafresti er tillagan tekin til umfjöllunar í skipulags og umhverfisnefnd og síðan sveitarstjórn. Afstaða er tekin til athugasemda og hugsanlegra breytinga. Umsögn um athugasemdir er send þeim sem þær gerðu. Niðurstaða sveitarstjórnar er auglýst.</p>

<p>vii. Samþykkt tillaga er send Skipulagsstofnun innan 12 vikna frá lokum athugasemdafrests.</p> <p>viii. Skipulagsstofnun staðfestir tillögu innan 4 vikna frá því að tillagan berst og birtir staðfestingu í Bdeild Stjórnartíðinda.</p> <p>Kynning og samráð. Með gerð lýsingar þessarar er óskað samráðs við Skipulagsstofnun um áherslur og umfang áhrifa matsáætlunarinnar. Skipulagsstofnun mun því í samræmi við ákvæði laga leggja mat á lýsingu þessa og veita ráð um verklag og vinnu við gerð skipulagsins.</p> <p>Lýsing skipulagsáætlunarinnar verður auglýst og kynnt í mars 2013 og send umsagnaraðilum.</p> <p>Tímaáætlun. Stefnt er að auglýsingu aðalskipulagsbreytingu í apríl 2013. Athugasemdafrestur vegna breytingar á legu hitaveituleiðslu verður 6 vikur.</p> <p>Niðurstaða. Eftir að þessi lýsing á áformaðri aðalskipulagsbreyting hefur verið kynnt er miðað við að legu hitaveituleiðslu (heitavatnspípu) verði meðhöndluð í samræmi við 31. gr. skipulagslaga 123/2010.</p>

F.H. hreppsnefndar, Vignir Á. Sveinsson, oddviti Skagabyggðar.

Forsíðumyndin sýnir hluta af svæðinu þar sem hitaveituleiðslan liggur.

